

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 25. mars 2026.

Mál nr. 163/2026:

A

(Björgvin Halldór Björnsson lögmaður)

gegn

barnaverndarþjónustu B

(Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Barnavernd. Vistun barns. Gjafsókn.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem ráðstöfun um vistun barns A utan heimilis var framlengd um 12 mánuði.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Hervör Þorvaldsdóttir, Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Harðardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 26. febrúar 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 18. mars 2026. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 16. febrúar 2026 í málinu nr. U-[...]/2026 þar sem vistun dóttur sóknaraðila, C, utan heimilis samkvæmt úrskurði umdæmisráðs D 18. september 2025 var framlengd um tólf mánuði eða til og með 17. janúar 2027. Kæruheimild er í 1. mgr. 64. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og jafnframt að „felldur verði úr gildi úrskurður umdæmisráðs D dags. 11. desember 2025 um heimild [varnaraðila] til að gera kröfu fyrir dómi um að vistun [dóttur sóknaraðila] standi í allt að 12 mánuði til viðbótar“. Til vara er þess krafist að vistuninni verði markaður skemmri tími. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir Landsrétti eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili hefur lagt ný gögn fyrir Landsrétt. Um er að ræða gögn er varða meðferð málsins hjá varnaraðila eftir að málflutningur fór fram fyrir héraðsdómi. Meðal gagnanna er kæra sóknaraðila á úrskurði umdæmisráðs D til úrskurðarnefndar velferðarmála ásamt rökstuðningi sóknaraðila og greinargerð varnaraðila vegna kærunnar frá 24. og 27. febrúar 2026, dagálar varnaraðila frá 2. febrúar til 19. febrúar

2026, meðferðarfundir barnaverndar frá 9. janúar til 30. janúar 2026, áætlun um meðferð máls samkvæmt 33. gr. barnaverndarlaga og beiðni um fósturheimili 3. mars 2026, tölvupóstsamskipti er lúta meðal annars að beiðni um fósturheimili, umgengni við móður og samskipti við vistforeldra, skýrsla um umgengni móður undir eftirliti 12. mars 2026 og staðfesting barnaverndarþjónustu á umsjá barns frá 12. mars til 17. júní 2026.

Niðurstaða

- 5 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur eins og í úrskurðarorði greinir.
- 6 Kærumálskostnaður verður ekki úrskurðaður. Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila í héraði og fyrir Landsrétti verður ákveðinn í einu lagi svo sem í úrskurðarorði greinir en þóknun lögmanns hans er þar tilgreind án virðisaukaskatts í samræmi við dómvenju. Við ákvörðun þóknunar lögmannsins hefur verið litið til þess að sambærilegt mál vegna annars barns sóknaraðila er rekið milli sömu aðila samhliða þessu máli.

Úrskurðarorð:

Ráðstöfun sú sem ákveðin var með úrskurði umdæmisráðs D 18. september 2025 um vistun C utan heimilis er framlengd um 12 mánuði eða til og með 17. janúar 2027.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, A, í héraði og fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Björgvins Halldórs Björnssonar, 1.400.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 16. febrúar 2026

I.

Mál þetta barst dóminum 15. janúar 2026 og var þingfest 22. sama mánaðar. Sóknaraðili er Barnaverndarþjónusta B, kt. [...], með aðsetur að [...], en varnaraðili er A, kt. [...], með ótilgreint lögheimili [...].

Sóknaraðili krefst þess að ráðstöfun sú sem ákveðin var samkvæmt b-lið 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með úrskurði umdæmisráðs D þann 18. september 2025 og staðfestur var með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands þann 7. nóvember 2025 í máli U-[...]/2025 um vistun C, kt. [...], utan heimilis, verði framlengd um 12 mánuði eða til og með 17. janúar 2027, með vísan til 1. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila um vistun dóttur hans, C, utan heimilis verði hafnað og honum verði falin umsjá dóttur sinnar nú þegar. Til vara krefst varnaraðili þess að vistun C utan heimilis verði markaður mun skemmri tími en sóknaraðili fer fram á.

Varnaraðili krefst málskostnaðar fyrir héraðsdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál en varnaraðili nýtur gjafsóknar í málinu.

Málið var tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð þann 9. febrúar 2025. Þann sama dag áður en aðalmeðferð fór fram ræddi dómari við barnið C að viðstöddum talsmanni hennar.

II.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að varnaraðili fari með forsjá dóttur sinnar, C sem er [...] ára, ásamt móður barnanna E, kt. [...], en þau eiga einnig saman F sem er [...] ára og fara sameiginlega með forsjá hans. Hafi varnaraðili flutt með börnin á [...] í júní [...] og búi í leiguhúsnæði ásamt unnustu og [...] ára syni hennar. Áður hafi varnaraðili búið með börnunum á [...]. Fram er komið að varnaraðili er með framheilaskaða eftir [...] sem hann lenti í þegar hann var [...] ára gamall. Stúlkan C hefur verið vistuð utan heimilis varnaraðila frá 3. september 2025.

Um vistun C og bróður hennar hefur verið fjallað í úrskurði dómsins frá 7. nóvember 2025 í málinu nr. U- [...] /2025 sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar þann 5. desember sama ár í málinu nr. 774/2025. Sakarefni málsins varðar það hvort lagaskilyrði séu til áframhaldandi vistunar C samkvæmt kröfu sóknaraðila en í framangreindum úrskurði eru atvik rakin. Um atvik málsins og vinnslu þess hjá sóknaraðila er ekki ágreiningur í meginatriðum þótt varnaraðili hafi uppi sérstök mótmæli sem getið verður síðar.

Eins og fram kemur í nefndum úrskurði dómsins var mál vegna C og bróður hennar til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu G en þá var fjölskyldan búsett á [...]. Kemur fram að vinnsla barnaverndarmáls þar hafi verið í vinnslu a.m.k. frá því í apríl 2023 en stuðningur á heimilinu muni hafa verið um lengri tíma á grundvelli félagsþjónustu vegna veikinda móður. Var stúlkan á þessum tíma í vistun utan heimilis varnaraðila frá 13. febrúar 2024 og fram í janúar 2025, fyrst með samþykki varnaraðila en haustið 2024 mun varnaraðili ekki hafa verið til samvinnu um frekari vistun stúlkunnar utan heimilis. Kom því til vistunar utan heimilis með úrskurði umdæmisráðs H í 4 mánuði frá 8. október 2024. Liggja fyrir upplýsingar um að í janúar 2025 hafi stúlkan verið löguð að heimili föður að nýju og meðferðaráætlun þá endurnýjuð með varnaraðila. Þótti tímabært að láta reyna á að stúlkan færi á ný í umsjá varnaraðila með öflugum stuðningi frá barnavernd.

Sóknaraðili getur um að meðal stuðningsúrræða í meðferðaráætlun frá því í janúar 2025 hafi verið stuðningur frá I ráðgjöf en það úrræði hafi ekki skilað árangri þar sem varnaraðili hafi ekki tileinkað sér leiðbeiningar og ráðgjöf þrátt fyrir mikla viðveru þroskaþjálfara á heimilinu. Liggur fyrir skýrsla frá I ráðgjöf um að þeir þroskaþjálfar sem sinnt hefðu ráðgjöf á heimili telji óvíst að varnaraðili væri fær um að tileinka sér jákvæðar, leiðbeinandi og styðjandi uppeldisaðferðir sem væru viðeigandi á hverju því þroskastigi sem stúlkan hafi verið á. Eru upplýsingar frá [...] skóla 26. febrúar 2022, þar sem stúlkan var áður en hún flutti á [...], um að starfsfólk hafi merkt afturför í líðan C eftir að hún hafi aftur farið í umsjá varnaraðila. Stúlkan hafi sýnt kvíðaeinkenni og sé óruggari, umhirða og utanumhald hafi dalað auk þess sem heimanámi hafi ekki verið lengur sinnt. Þá sé getið um að mótþrói hafi aukist hjá stúlkunni en þegar stúlkan hafi verið fósturvistuð hafi hann farið minnkandi.

Eins og rakið er í fyrri úrskurði dómsins vann K, sálfræðingur, mat á forsjárhæfni foreldra barna þeirra þegar málið var til meðferðar hjá barnaverndarþjónustu G. Í mati hennar var dregið í efa að varnaraðili búi

yfir þeirri færni að skilja þarfir barnanna á ólíkum þroskastigum þeirra og hafi getu til að mæta mismunandi þörfum þeirra. Kemur fram að fólk sem hafi orðið fyrir heilaskaða sé viðkvæmara fyrir álagi en aðrir og þekkt sé að það sýni af sér dómgreindarskort, hömluleysi, hvatvísi, skapofsa eða ofbeldishneigð og að það hafi bæði skerta athygli og innsæi. Matsmaður telji alla þessa þætti þekkta hjá varnaraðila ef litið sé til gagna sem matsmaður hafi fengið aðgang að, viðtala við varnaraðila og við þá aðila sem þekkja varnaraðila. Í matinu er einnig getið um niðurstöður CAPI prófs sem bendi til þess að varnaraðili sé líklegur til þess að beita börn sín ofbeldi auk þess sem varnaraðili hafi sagt matsmanni sjálfur að hann væri að vinna í því að hafa stjórn á sér þegar hann annaðist börnin. Hefur sóknaraðili vakið athygli á svörum matsmanns við spurningu nr. 9 um hvort ætla megi að daglegri umönnun og uppeldi eða samskipti forsjáraðila og barna verði alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri og þroska barnanna, fari börnin á ný í umsjá forsjáraðila. Segir í matinu um þetta: „*Að mati matsmanns er vandi foreldra það alvarlegur, flókinn og langvarandi að hvorugu þeirra er treystandi til þess að tryggja öryggi og vellíðan C og F. Farið þau á ný í umsjá þeirra er hætt við að börnin hljóti varanlegan skaða af.*“

Málefni C kom til vinnslu hjá sóknaraðila í kjölfar viðtals við stúlkuna þann 3. september 2025 en viðtalið var hluti af könnun barnaverndarmáls bróður stúlkunnar. Í viðtalinu við stúlkuna lýsti hún mikilli vanlíðan á heimili föður. Þá lýsti stúlkan því að faðir blóti og öskri á hana og yngri bróður hennar. Hún lýsti jafnframt atviki þar sem faðir hennar hafði tekið harkalega um öxl hennar og dregið hana inn í herbergi. Stúlkan lýsti því í viðtalinu að hafa orðið vitni af því þegar faðir hennar beitti yngri bróður hennar líkamlegu ofbeldi. Upplýsingarnar í viðtalinu við stúlkuna voru teknar upp sem tilkynning til barnaverndar og hófst þá vinnsla í barnaverndarmáli stúlkunnar hjá sóknaraðila og mál hennar sett í tafarlausa könnun. Í greinargerð sinni í málinu hefur varnaraðili neitað alfarið að hann hafi sýnt ofbeldishegðun.

Þennan dag 3. september 2025 var af hálfu sóknaraðila leitað eftir samþykki varnaraðila fyrir vistun beggja barnanna utan heimilis til þess að tryggja öryggi þeirra á meðan frekari vinnsla barnaverndarmálanna færi fram. Varnaraðili hafnaði því alfarið að hafa beitt börnin ofbeldi en viðurkenndi að honum þætti þau oft erfið. Af hálfu sóknaraðila var ekki talið forsvaranlegt að börnin færu á ný í umsjá varnaraðila og var því ákveðið að grípa til neyðarráðstöfunar, sbr. 31. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og vista börnin utan heimilis föður. Móðir barnanna samþykkti vistun barnanna, fyrst munnlega, og svo með undirritun yfirlýsinga en sóknaraðili telur hana ekki vera í aðstöðu til þess að taka við umsjá barnanna.

Í upplýsingum frá [...]skóla, dags. 4. september 2025, vegna stúlkunnar kemur fram að hún sækist eftir neikvæðri athygli frá starfsfólki og segi að henni líði illa en viti ekki af hverju. Þá kemur fram að stúlkan hafi litla matarlyst og að hún hafi mætt of seint fyrsta skóladaginn þar sem þau (varnaraðili og stúlkan) hafi ekki vitað hvenær skólinn ætti að byrja. Heimalestri hafi ekki verið sinnt þessa fyrstu skóladaga stúlkunnar í [...]skóla.

Skýrsla talsmanns C frá 15. september 2025 liggur fyrir þar sem fram kemur að stúlkan hafi upplýst talsmann um að henni líði ekki vel á heimili varnaraðila þar sem hann hefði öskrað mikið á sig. Hún hafi sagt það vera hætt núna en upplýst að það væri út af því að hún hefði hætt að svara varnaraðila og forðaðist að fara heim til sín eftir skóla. Stúlkan hafi sagt talsmanninum að hún hafi stundum verið hrædd í samskiptum við varnaraðila en sé farin að venjast þeim. Þá hafi stúlkan lýst fyrir talsmanninum að varnaraðili hefði slegið F einu sinni, ýtt henni um tvisvar sinnum og tekið fast í öxlina á henni en það taldi hún hafa verið óvart. Stúlkan hafi lýst áhyggjum af litla bróður sínum og sagt að hann myndi alltaf vilja fara aftur til varnaraðila, þótt honum líði ekki vel þar. Henni hafi liðið illa yfir þessu og fundist hún þurfa að passa bróður sinn. Á skalanum 1-10 þar sem gildið 1 sé tákn þess að henni líði illa þá segi stúlkan að líðan hennar sé 2 en stundum 5-6. Stúlkan sé sátt í vistuninni og vildi vera áfram tímabundið vistuð utan heimilis varnaraðila. Stúlkan hafi einnig verið jákvæð fyrir því að hitta varnaraðila á vistunartímanum.

Mál barnanna var lagt fyrir umdæmisráð D þann 17. september 2025 þar sem sóknaraðili lagði fram tillögu um að umdæmisráð úrskurðaði um vistun beggja barnanna utan heimilis í fjóra mánuði á grundvelli 27. gr. barnaverndarlaga. Umdæmisráð féllst á tillögu sóknaraðila með úrskurði 18. september 2025. Könnunum lauk í barnaverndarmálunum hjá sóknaraðila þann 18. september 2025 þar sem staðfest var þörf á stuðningsúrræðum.

Varnaraðili skaut úrskurði Umdæmisráðs D frá 18. september 2025 til dóms og var kröfum varnaraðila um að fella hann úr gildi hafnað sem fyrr segir með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands þann 7. nóvember 2025 í máli nr. U-[...]/2025. Varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms til Landsréttar sem með úrskurði þann 5. desember 2025 í mállinu nr. 774/2025 staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Í greinargerð varnaraðila er því haldið til haga að vægari úrræði hefðu átt að koma til greina áður en gripið hafi verið til vistunar. Hafi varnaraðili lýst sig reiðubúinn til samvinnu við barnavernd og til að gera það sem starfsfólk sóknaraðila telji nauðsynlegt að undanskildu því að samþykkja vistun utan heimilis og hleypa starfsfólki sóknaraðila inn á heimili sitt.

Sóknaraðili greinir frá því að eftir að úrskurður umdæmisráðs D var kveðinn upp hafi vinnsla málsins haldið áfram. Þann 25. september 2025 kom varnaraðili á fund sóknaraðila. Varnaraðili hafnaði því að hann hafi beitt börnin ofbeldi og setti hann sig á alfarið á móti því að móðir fengi að hitta stúlkuna. Kemur fram að varnaraðila var boðið að undirrita meðferðaráætlanir í málum stúlkunnar þar sem gert var ráð fyrir ýmsum stuðningsúrræðum. Varnaraðili samþykkti ekki meðferðaráætlunina og lýsti því yfir að hann væri ekki reiðubúinn til þess að þiggja stuðningsúrræði inni á heimili sínu. Þá hafi hann sagst ekki nenna í uppeldisráðgjöf.

Markmið áætlunar kveður sóknaraðili hafa verið að tryggja öryggi og vellíðan barns og að barn byggi við stöðugleika. Meðal annars með því að styðja forsjáraðila til þess að sýna vilja til þess að tileinka sér uppbyggilegar uppeldisaðferðir þar sem að forsjáraðili þurfi stuðning og leiðsögn til að bregðast við hegðun barns með viðeigandi hætti og leiðbeiningar um samskipti við barn svo þau séu jákvæð og að barn sé hvorki beitt líkamlegu né tilfinningalegu ofbeldi. Allt með það að markmiði að barn snúi aftur á heimili. Einnig að koma á umgengni við forsjáraðila. Helstu stuðningsúrræði og aðgerðir til að ná þeim markmiðum hafi verið stuðningsviðtöl við föður af hálfu ráðgjafa barnaverndar. Umgengni við forsjáraðila undir eftirliti barnaverndar, sértæk ráðgjöf á heimili, viðeigandi samtalsmeðferðir fyrir föður, viðtöl í Barnahúsi fyrir barn, óboðað eftirlit með heimili komi barn til með að dvelja á heimili forsjáraðila, samstarf við þau kerfi sem koma að barninu og samþætting þjónustu í þágu farsældar barna. Kemur fram að varnaraðili hafi alfarið hafnað áætlun um meðferð máls.

Í viðtali samþykkti varnaraðili umgengnissamning þar sem kveðið var á um umgengnistíma varnaraðila við stúlkuna frá 25. september 2025 til 25. október 2025. Samkvæmt umgengnissamningi átti fyrsta umgengni varnaraðila við stúlkuna að fara fram þann 2. október 2025. Umgengnin féll hins vegar niður þar sem varnaraðili var staddur í [...] en flugi hans hafði verið aflýst. Síðari umgengni föður samkvæmt samningnum fór fram 16. október 2025 undir eftirliti. Áður en umgengni hafi átt að hefjast hafi varnaraðili tjáð eftirlitsaðila að hann væri óviss um að hann kæmi til með að mæta aftur í umgengni undir eftirliti og að hann væri ósáttur við fyrirkomulag í umgengni. Lítið samtal hafi verið á milli varnaraðila og stúlkunnar og hafi varnaraðili reynt að slíta umgengni þegar stúlkan hafi lítið haft að segja varnaraðila. Stúlkan hafi viljað halda áfram umgengni og þau talað aðeins saman eftir það. Kveðjustund hafi gengið vel.

Sóknaraðili greinir frá því að haft hafi verið samband við varnaraðila þann 3. nóvember 2025 og honum boðin þátttaka á uppeldisnámskeið á vegum skólaþjónustu B sem hafi átt að hefjast 4. nóvember. Varnaraðili hafi sagt fyrirvarann stuttan og óskað eftir því að fá að fara á námskeið sem haldið yrði á nýju ári. Fram hafi komið að sóknaraðili myndi skrá hann á námskeiðið. Sama dag hafi aftur verið reynt að hafa

samband við varnaraðila en án árangurs. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa verið boðið þann 6. nóvember 2025 að koma í umgengni við stúlkuna þann 10. sama mánaðar og boð það verið ítrekað 7. nóvember með tölvupósti. Svar hafi ekki borist og ekkert orðið að umgengni þann dag. Reynt hafi verið að hringja í varnaraðila í þrígang 11. nóvember til að boða hann í umgengni 13. nóvember en án árangurs. Sóknaraðili hafi sent varnaraðila tölvupóst þann 18. nóvember 2025 og óskað eftir viðtali við hann þann 20. nóvember til að ræða framhald umgengni og næstu skref í máli stúlkunnar þar sem ekki hafi verið í gildi umgengnisamningur. Reynt hafi verið að hringja í varnaraðila 19. nóvember til að staðfesta viðtalstíma þann 20. nóvember en varnaraðili hafi ekki svarað erindi sóknaraðila.

Þann 20. nóvember hafi vistforeldri stúlkunnar greint frá því að varnaraðili hafi haft samband og komið með marga poka af fatnaði fyrir bæði börnin. Varnaraðili hafi þá tjáð vistforeldrinu að hann hafi tæmt herbergi barnanna og farið með allt dót barnanna á heimili foreldra varnaraðila. Einnig hafi komið fram að varnaraðili ætlaði sér ekki að mæta í umgengni og myndi ekki svara símtölum sóknaraðila. Þá hafi komið fram að varnaraðili hafi nálgast stúlkuna á skólalóð og skólastjóri hafi þurft að fara út og sækja stúlkuna. Varnaraðili hafi sagt við stúlkuna að barnavernd hafi bannað honum að hitta hana. Í umgengni stúlkunnar við móður þann 20. nóvember 2025 hafi komið fram hjá stúlkunni að varnaraðili hafi komið við í skóla stúlkunnar sama dag og hann hafi reynt að ræða við stúlkuna þegar hún hafi verið í frímínútum í skólanum.

Þann 11. nóvember 2025 bárust sóknaraðila upplýsingar frá Heilbrigðisstofnun M dags. 11. september 2025. Fram kemur í bókun læknis að varnaraðili hafi við komu á heilsugæslu þann 10. ágúst 2025 sagst vera opinn fyrir því að fara til sálfræðings. Jafnframt lýsti varnaraðili mikilli bugun á heimilinu, og sagðist hann ekki treysta sjálfum sér og að hann óttist að missa stjórn á sér og að hann eigi erfitt með að halda höndum að sér. Hann elski börnin sín en hann sé að missa vitið og þurfi hjálp.

Sóknaraðili greinir frá að þann 21. nóvember 2025 hafi borist upplýsingar frá lögreglu um rannsókn í máli barnanna beggja vegna heimilisofbeldis af hendi föður. Þann 12. september sama ár hafi börnin gefið skýrslu fyrir dómi í barnahúsi. Í framburði stúlkunnar komi fram að varnaraðili öskri stundum ógeðslega á systkinin og henni hafi ekki líðið vel þegar hún heyrði það. Hafi stúlkan sagt hann hafa kallað þau aumingja. Varnaraðili hafi oft reynt að rasskella hana en hún alltaf komist undan. Varnaraðili hafi einu sinni hrint henni, hún hafi við það dottið, fóturinn beyglast undir henni og hún fengið marblett. Kemur einnig fram að hún hafi greint frá því að varnaraðili hafi skammað bróður hennar harkalega, slegið hann utan undir og drengurinn hafi orðið rauður á kinninni. Drengurinn hafi orðið mjög hræddur, hágrátið og hún hefði einnig grátið. Lýsti stúlkan því einnig að varnaraðili hafi flengt drenginn þegar þau voru bara þrjú heima í sumar. Drengurinn hafi þá grátið og stúlkan einnig, hún hafi reynt að fá varnaraðila til að hætta en þá hafi hann spurt stúlkuna hvort hún vildi að hann gerði þetta við hana einnig. Fram hafi komið hjá stúlkunni að varnaraðili hafi stundum rasskellt drenginn á fyrri heimili.

Gerður var umgengnissamningur við móður vegna beggja barnanna fyrri tímabilið 6. nóvember til 20. nóvember 2025 og kveður sóknaraðili umgengni hafa gengið vel en upplýsingar borist um vanlíðan stúlkunnar eftir umgengnina. Gerður var umgengnissamningur þann 20. nóvember 2025 við móður vegna beggja barnanna fyrri tímabilið 20. nóvember til 15. janúar 2026 og nýr þann 7. janúar 2026 fyrir tímabilið 13. janúar 2026 til 13. maí 2026. Í málinu liggur fyrir samþykki móður stúlkunnar þann 20. nóvember 2025 fyrir vistun stúlkunnar og bróður hennar utan heimilis fyrir tímabilið 17. janúar 2026 til 17. janúar 2027 en áður hafi móðirin samþykkt vistun utan heimilis til 17. janúar 2026.

Talsmaður stúlkunnar ræddi við stúlkuna þann 28. nóvember 2025 og liggur skýrsla um það fyrir, dags. 30. sama mánaðar. Kemur fram að stúlkan hafi greint frá því að henni líði vel og miklu betur en síðast þegar hún hafi rætt við talsmann. Stúlkan vilji vera áfram á vistheimili en langi að flytja til móður sinnar. Stúlkan hafi orðið leið þegar spurt hafi verið um föður hennar og sagt að faðir sé reiður við hana og að það sé langt síðan hún hitti hann. Að mati talsmanns virðist stúlkan vera í hollustuklemmu milli foreldra sinna

og hafi miklar áhyggjur af því að öllum líði vel og séu ekki reiðir við hana. Sérstaklega virðist henni finnast erfitt að faðir hennar sé reiður við hana og hún upplifi að það sé allt henni að kenna.

Samkvæmt upplýsingum frá núverandi skóla stúlkunnar frá 1. desember 2025 sem fyrir liggur hefur líðan og hegðun hennar verið sveiflukennnd. Umsjónarkennari hafi orðið var við framfarir frá því að hún kom aftur. Það hafi verið marktækur munur á líðan til hins verra, stúlkan hafi verið stressuð og á varðbergi eftir að hún hafi hitt foreldra sína. Mæting í skóla hafi verið góð og námsgeta á pari við jafnaldra. Þá sé aðbúnaður stúlkunnar góður og hafi orðið miklar breytingar hvað varðar námsgögn, hreinlæti og fatnað. Þá sé stúlkan opnari um líðan sína og ekki í eins mikilli vörn og þegar hún bjó hjá varnaraðila. Jafnframt sé aðbúnaður allur betri, bæði líkamlega og andlega. Áður hafi stúlkan verið kvíðin og órugg og kvartað undan magaverk eða öðrum líkamlegum kvillum sem nú heyrir sögunni til.

Á meðferðarfundi sóknaraðila þann 5. desember 2025 hafi í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga verið bókað að brýnir hagsmunir stúlkunnar krefðust áframhaldandi vistunar hennar til allt að tólf mánaða. Var samþykkt að vísa málum hennar til umdæmisráðs D til frekari umfjöllunar og úrskurðar.

Á fundi umdæmisráðs þann 11. desember 2025 var mál stúlkunnar tekið fyrir og gerði lögmaður varnaraðila grein fyrir afstöðu hans. Starfsmenn sóknaraðila hafi farið yfir forsendur fyrir tillögu málsins. Með úrskurði umdæmisráðs D, sem undirritaður var 14. desember 2025, féllst umdæmisráðið á tillögu sóknaraðila um að stúlkan yrði áfram vistuð utan heimilis varnaraðila og var sóknaraðila veitt heimild til að krefjast áframhaldandi vistunar hennar í allt að 12 mánuði til viðbótar.

Fram kemur í úrskurði umdæmisráðs að á tímabili núverandi vistunar stúlkunnar utan heimilis varnaraðila verði ekki séð að varnaraðili hafi bætt stöðu sína svo máli skipti. Samvinna hans við sóknaraðila hafi verið lítil og frumkvæði hans til að leita sér stuðnings einnig lítið sem ekkert. Forsjárgeta varnaraðila sé því verulega skert og þau uppeldisskilyrði sem hann hafi boðið stúlkunni upp á hafi ekki verið góð og lítið batnað á vistunartímabilinu. Þá hafi stúlkan lýst yfir eindregnum vilja sínum til að dvelja áfram á vistheimili og að vilji hennar sé ótvíræður og að rétt sé að taka réttmætt tillit til afstöðu stúlkunnar. Það sé mat umdæmisráðs miðað við gögn málsins að það séu brýnir hagsmunir stúlkunnar að vera vistuð utan heimilis varnaraðila. Tryggja þurfi öryggi hennar og velferð og allan vafa beri að túlka stúlkunni í vil með hliðsjón af hagsmunum hennar. Fram kemur einnig að ljóst sé að varnaraðili eigi langa vegferð fyrir höndum til að teljast öruggur uppalandi stúlkunnar. Hann þurfi að sækja sér aðstoð og jafnframt að vera í fullnægjandi samvinnu við sóknaraðila um að byggja upp forsjárhæfni sína og nýta nauðsynlegan stuðning við umönnun. Þá komi fram upplýsingar hjá eftirlitsaðila sóknaraðila að umgengni varnaraðila við stúlkuna um að ekki sé ástæða til að ætla að forsjárhæfni varnaraðila hafi breyst frá því vinnsla máls hófst.

Sóknaraðili kveður varnaraðila einu sinni hafa mætt í umgengni við stúlkuna sem hafi verið 16. október 2025. Sóknaraðili hafi ítrekað reynt að ná í varnaraðila síðan 3. nóvember 2025 til þess að ræða frekari umgengni varnaraðila við stúlkuna, með tölvupóstum og símtölum, en varnaraðili hafi ekki svarað sóknaraðila. Í tölvupósti lögmanns varnaraðila frá 27. nóvember 2025 komi fram að varnaraðili sé ekki tilbúinn að samþykkja umgengni nema hún fari fram án eftirlits. Einnig hafi komið fram að varnaraðili hafi ekki verið tilbúin að samþykkja áframhaldandi vistun og lögmaður hans talið ósennilegt að varnaraðili myndi þiggja boð um viðtal að svo stöddu. Liggja þessi svör lögmannsins fyrir í málinu.

Sóknaraðili hafnaði beiðni varnaraðila um umgengni án eftirlits og kveðst sóknaraðili hafa leiðbeint varnaraðila um að unnt væri að leggja fram beiðni um að umdæmisráð D tæki málið til umfjöllunar og úrskurði um umgengni. Þann 13. janúar síðastliðinn lagði sóknaraðili greinargerð fyrir umdæmisráð D þar sem fram kom að sóknaraðili teldi að ástæða væri til að ætla að hagsmunum stúlkunnar væri stefnt í hættu færi hún í umgengni við varnaraðila án eftirlits. Sóknaraðili fór fram á að umdæmisráð D kvæði upp úrskurð um umgengni stúlkunnar við varnaraðila. Með úrskurði umdæmisráðs 16. janúar síðastliðinn var

kveðið á um að börn varnaraðila skyldu eiga umgengni við hann í allt að eina og hálf klukkustund í senn undir eftirliti í húsnæði á vegum barnaverndar B á meðan börnin væru vistuð utan heimilis. Er í úrskurðinum getið þeirra réttarheimilda sem stuðst var við og reifuð þau matsatriði sem 74. gr. barnaverndarlaga ráðgera í ljósi þess að börnin væru vistuð utan heimilis. Varnaraðili ætti langa vegferð fyrir höndum til að teljast öruggur uppalandi barnanna, þyrfti að sækja sér aðstoð og vera til fullnægjandi samvinnu við barnavernd til að byggja upp forsjárhæfni sína og nýta nauðsynlegan stuðning við umönnun. Það hefði þrátt fyrir tilraunir barnaverndar ekki gengið. Þá var tekið tillit til vilja barnanna til að hitta föður sinn eins og ráða mætti að skýrslum talsmanns þeirra. Umgengnir hefðu gengið vel en ekki yrði horft fram hjá því að afskipti hefði þurft að hafa af hegðun varnaraðila. Voru sjónarmið varnaraðila reifuð og á grundvelli gagna máls og hagsmuna barnanna talið að þeim væri til hagsbóta að umgengni yrði í samræmi við tillögur barnaverndar.

III.

Kröfugerð sóknaraðila um framlengingu á tímabundinni vistun stúlkunnar, C, utan heimilis í 12 mánuði er gerð með vísan til 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 enda hafi umdæmisráð veitt heimild til málshöfðunarinnar með úrskurði þann 11. desember 2025. Stúlkun hafi verið vistuð utan heimilis varnaraðila frá 3. september 2025 er hún hafi verið vistuð með neyðaraðgerð með vísan til 31. gr. barnaverndarlaga þar sem ekki hafi náðst samvinna við varnaraðila um vistun stúlkunnar utan heimilis sem svo hafi leitt til þess að vistunin hafi verið framlengd með úrskurði umdæmisráðs D þann 17. september 2025 í allt að fjóra mánuði.

Kröfugerð sinni til stuðnings vísar sóknaraðili til úrskurðar umdæmisráðs frá 11. desember 2025 og greinargerðar sóknaraðila sem lögð var fram fyrir umdæmisráð. Tekur sóknaraðili sérstaklega undir það mat umdæmisráðs D sem fram komi í niðurstöðu þess að ljóst sé að varnaraðili eigi langa vegferð fyrir höndum til að teljast öruggur uppalandi stúlkunnar. Hann þurfi að sækja sér aðstoð og jafnframt að vera í fullnægjandi samvinnu við sóknaraðila um að byggja upp forsjárhæfni sína og nýta nauðsynlegan stuðning við umönnun. Einnig að fram hafi komið upplýsingar hjá eftirlitsaðila sóknaraðila vegna umgengni varnaraðila við stúlkuna að ekki sé ástæða til að ætla að forsjárhæfni varnaraðila hafi breyst frá því vinnsla hafi byrjað. Vísar sóknaraðili einnig til atvika sem rakin séu að frama og þess sem fram komi í úrskurði dómsins í máli nr. U-[...]/2025 frá 7. nóvember 2025, í greinargerðum sóknaraðila, úrskurði umdæmisráðs H frá 8. október 2024 auk þess sem fram komi í greinargerð barnaverndarþjónustu G í máli C.

Kröfuna um framlengingu á vistun stúlkunnar utan heimilis byggir sóknaraðili á því að brýnir hagsmunir hennar mæli með því að vistunin haldi áfram enda hafir samvinna við varnaraðila verið lítil sem engin á vistunartímabilinu og varnaraðili ekki viljað nýta sér þau umfangsmiklu stuðningsúrræði sem honum hafi verið boðin. Enginn árangur hafi náðst með stuðningsúrræðum sóknaraðila vegna skorts á samvinnu varnaraðila og því sé það mat sóknaraðila að ekki sé forsvaranlegt sé að drengurinn fari á ný í umsjá varnaraðila. Ljóst sé að vandi varnaraðila sé alvarlegur og djúpstæður og megi því búast við að nokkurn tíma taki að vinna að því að aðstæður varnaraðila, hvað varðar forsjárhæfni, verði viðunandi. Í ljósi þess geri sóknaraðili kröfu um vistun stúlkunnar utan heimilis í 12 mánuði í samræmi við 2. og 4. gr. barnaverndarlaga.

Sóknaraðili hafnar því alfarið sem haldið er fram í greinargerð varnaraðila fyrir umdæmisráði að kröfugerð sóknaraðila sé ekki í samræmi við rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í úrskurði umdæmisráðs að ekkert hafi komið fram um að rannsókn málsins sé ábótavant. Sóknaraðili telur könnun og vinnsla málsins hafa verið unna í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga. Í ljósi þess að lítil sem engin samvinna hafi náðst við varnaraðila um að þiggja stuðningsúrræði sem honum hafi verið boðin og að samþykka áframhaldandi vistun barnanna utan heimilis hafi það verið mat sóknaraðila að ekki væri unnt að grípa til vægari úrræða en að fara fram á áframhaldandi vistunar

stúlkunnar utan heimilis samkvæmt 28. gr. barnaverndarlaga í ljósi þeirra brýnu hagsmuna hennar og réttinda sem felist í að búa við öryggi í daglegu lífi og þroskavænleg uppeldisskilyrði, sbr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003. Áréttar sóknaraðili að rannsóknareglan geri kröfu um rannsókn sem sé fullnægjandi grundvöllur ákvörðunar stjórnvalds. Mál teljist nægjanlega rannsakað þegar þeirra upplýsinga hafi verið aflað sem nauðsynlegar séu til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun í því. Kröfur til rannsóknar í hverju máli ráðist af lagagrundvelli málsins og einstaklingsbundnum aðstæðum aðila málsins, þar með talið þeim málsástæðum sem foreldrar beri fyrir sig. Við slíka rannsókn verði að hafa í huga 1. málslíð 2. mgr. 41. gr. barnaverndarlaga, þar sem komi fram að könnun barnaverndarmáls skuli ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefji og henni skuli hraðað svo sem kostur er.

Sóknaraðili telur vistun barna varnaraðila utan heimilis vera í samræmi við meginreglur barnaverndarstarfs sem tilgreindar séu í 4. gr. barnaverndarlaga þar sem mælt er fyrir um að í barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla megi að séu barni fyrir bestu og að hagsmunir barna skuli ávallt hafði í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þá telur sóknaraðili að vinnsla barnaverndarmálanna og vistun barnanna utan heimilis sé í samræmi við meðalhófsreglu og aðrar málsmeðferðarreglur barnaverndarlaga og stjórn-sýslulaga. Sóknaraðili bendir í því sambandi á að hjá barnaverndarþjónustu G hafi barnaverndarmálin verið lengi til vinnslu og ýmis stuðningsúrræði verið reynd án viðunandi árangurs. Er það mat sóknaraðila að upplýsingar og gögn frá barnaverndarþjónustu G hafi mikla þýðingu í máli þessu enda veiti þau mikilvægar upplýsingar um að stuðningsþörf varnaraðila til þess að geta sinnt uppeldishlutverki sínu gagnvart stúlkunni sé veruleg og að þau stuðningsúrræði sem hafi verið veitt hafi ekki skilað viðunandi árangri. Sóknaraðili vísar sérstaklega til þeirra gagna og upplýsinga sem liggja fyrir frá grunnskóla stúlkunnar og eftir að hún var aðlöguð á heimili varnaraðila í janúar 2025 eftir að hafa verið í tæpt eitt ár í vistun utan heimilis.

Sóknaraðili telur kröfugerð sína vera í samræmi við meðalhófsreglu enda sú vægasta sem hægt sé að grípa til þannig að hagsmunir stúlkunnar verði tryggðir á meðan áfram sé unnið að bættum aðstæðum varnaraðila. Enda sé kröfugerðin í samræmi við brýna hagsmuni stúlkunnar og í samræmi við álit þeirra sérfræðinga sem að málinu hafi komið og vísar sóknaraðili þá sérstaklega til niðurstöðu forsjárhæfnismats og sérfræðinga sem hafi áður unnið með varnaraðila að bættri forsjárhæfni hans við vinnslu málsins hjá Barnavernd G. Að mati sóknaraðila hafi enginn árangur náðst með stuðningsúrræðum á vistunartíma stúlkunnar enda hafir samvinna föður verið lítil sem engin og því ekki forsvaranlegt að stúlkun fari á ný umsjá hans.

Kröfugerð sóknaraðila sem miði að áframhaldandi tímabundinni vistun stúlkunnar utan heimilis til 12 mánaða sé í samræmi við hagsmuni stúlkunnar og skyldur stjórnvalda gagnvart henni samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem lögfestur hafi verið á Íslandi með lögum nr. 19/2013. Vísar sóknaraðili til 2. og 6. gr. samningsins þar sem kveðið er á um að aðildarríki hans skuli í hvívetna virða réttindi barna og tryggja eftir fremsta megni að börn megi lifa og þroskast. Í 1. mgr. 3. gr. samningsins komi fram að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðilar, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir geri ráðstafanir er varði börn. Dómstólar hafi í úrlausnum sínum ítrekað beitt þeirri lögskýringu þegar reynir á framangreind ákvæði að þótt mikilvægt sé að varðveita tengsl barna við forsjáraðila og nánustu vandamenn þá verði þeir hagsmunir að víkja fyrir brýnum hagsmunum barnsins sjálfs ef þetta tvennt fari ekki saman.

Sóknaraðili telur mikilvægt að við úrlausn máls þessa verði litið til þess rúma tíma og þess stuðnings sem veittur hafi verið við vinnslu máls stúlkunnar hjá Barnaverndarþjónustu G og áður en til vistunarinnar kom og skorti á samstarfviðja varnaraðila við sóknaraðila á vistunartíma stúlkunnar. Þá telur sóknaraðili að við úrlausn málsins beri einnig að líta til þess umfangsmikla stuðnings sem þegar hafi verið búið að veita eftir að stúlkun hafi fyrst verið vistuð utan heimilis og þeirri staðreynd að viðunandi árangur hafi ekki náðst varðandi aðstæður og forsjárhæfni varnaraðila á þeim mánuðum sem núverandi vistun hafi varað og frá

þeim tíma að mál stúlkunnar hófst hjá Barnaverndarþjónustu G Að mati sóknaraðila verði að virða réttindi stúlkunnar sem um ræðir til þess að búa við viðunandi aðstæður og umönnun í daglegu lífi sbr. fyrrgreind ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013 og ákvæði barnalaga enda sé ekki forsvaranlegt að stúlkan verði færð í umsjá varnaraðila á þessu tímamarki. Sóknaraðili telur einsýnt að engin vægari úrræði en áframhaldandi tímabundin vistun utan heimilis séu tæk til þess að tryggja öryggi stúlkunnar á meðan látið verði reyna á hvort varnaraðili fái til þess að þiggja stuðningsúrræði og hvort hann hafi getu til þess að tileinka sér viðunandi uppeldisaðferðir. Sóknaraðili byggir jafnframt á því að réttindi stúlkunnar felist í því að búa við öryggi og stöðugleika í daglegu lífi. Mat sóknaraðila sé því að hagsmunir varnaraðila verði að víkja fyrir brýnum hagsmunum stúlkunnar við úrlausn máls þessa.

Sóknaraðili telur að nauðsynlegt sé að áframhaldandi vistun stúlkunnar utan heimilis standi í allt að 12 mánuði til viðbótar. Það sé í samræmi við hagsmuni stúlkunnar enda mikilvægt að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði og tryggja henni öruggt umhverfi á meðan unnið verði með varnaraðila að bættri forsjárhæfni. Sóknaraðili telur þar vega þyngst stöðugan framburð stúlkunnar við vinnslu málsins sem og niðurstöður forsjárhæfnimats K sálfræðings frá 21. ágúst 2024. Mat hennar eftir ítarlega könnun hafi verið að vandi varnaraðila væri það alvarlegur, flókinn og langvarandi að honum væri ekki treystandi til að tryggja öryggi og vellíðan stúlkunnar. Jafnframt hafi K talið að ef stúlkan færi í umsjá varnaraðila á ný væri hætt við að hún hlyti varanlega skaða af. Fram hafi komið í framburði K fyrir dómi að þau próf sem lögð hafi verið fyrir varnaraðila hafi haft mikil áhrif á niðurstöðu mats hennar og gætu haft þýðingu áfram þrátt fyrir að matið væri bundið við hið fyrra barnaverndarmál hjá Barnavernd G. Einnig hafi það verið mat sérfræðinga frá I ráðgjöf sem sinnt hafi ráðgjöf á heimili varnaraðila fyrir Barnavernd G að óvíst sé að varnaraðili sé fær um að tileinka sér jákvæðar, leiðbeinandi og styðjandi uppeldisaðferðir sem séu viðeigandi á hverju því þroskastigi sem stúlkan sé á.

Fram hafi komið í úrskurði dómsins það mat að ekki væri rétt að hrófla við vistun barnanna um sinn, enda mætti ætla í ljósi forsögu málsins og fyrri afskipta barnaverndaryfirvalda að nokkurn tíma þurfi til að veita varnaraðila stuðning og til þess að kanna hvort honum sé kleift að taka við börnunum að nýju. Þá sé sérstaklega vikið að því í niðurstöðunni að það sé mat dómsins að það hafi verið rétt metið hjá sóknaraðila að vægari úrræði hafi ólíklega eða ekki getað komið að gagni við vinnslu málsins, meðal annars vegna þess að varnaraðila skorti innsæi í vanda sinn sem uppalanda og þess að hann hafi hafnað viðeigandi stuðningsúrræðum.

Líkt og fram komi í úrskurði dómsins liggi fyrir umtalsvert magn gagna í málinu, meðal annars frá talsmanni stúlkunnar, skóla og upplýsingar og gögn frá barnaverndarþjónustu G, sem staðfest hafi verið fyrir dómi, og veiti þau, að mati sóknaraðila, mikilvægar upplýsingar um að stuðningsþörf varnaraðila, til þess að geta sinnt uppeldishlutverki sínu gagnvart stúlkunni, sé veruleg og að þau stuðningsúrræði sem hafa verið veitt hafi ekki skilað viðunandi árangri. Sóknaraðili telur skort varnaraðila á samvinnu við vinnslu málsins og stöðuga frásögn stúlkunnar sýna fram á að varnaraðili eigi við mikinn vanda að stríða.

Þá komi fram í úrskurði dómsins það mat að engin vægari úrræði hafi verið tæk til þess að vinna bug á aðstæðum barnanna og tryggja öryggi þeirra á meðan reynt verði að styðja við varnaraðila í því augnamiði að kanna hvort honum sé kleift að taka við börnunum á ný. Í viðtali þann 25. september 2025 þar sem farið hafi verið yfir meðferðaráætlun með varnaraðila og lögmanni hans hafi varnaraðili alfarið hafnað stuðningsúrræðum og lýst því yfir að hann væri ekki reiðubúinn til þess að þiggja stuðning inni á heimili sínu. Varnaraðili hafi hafnað umgengni undir eftirliti og sagt að hann sé reiðubúinn að mæta í umgengni fari hún fram án eftirlits. Að mati sóknaraðila er ljóst að varnaraðila skorti innsæi í vanda sinn sem uppalanda og vegna skorts á vilja til samvinnu um stuðningsúrræði muni það taka langan tíma að mati sóknaraðila að styðja við varnaraðila til að bæta forsjárhæfni hans og kanna hvort að stuðningsúrræði hafi skilað viðunandi árangri.

Sóknaraðili bendir einnig sérstaklega á ákvæði 2. mgr. 63. gr. a barnaverndarlaga þar sem komi fram að barni skuli gefinn kostur á að tjá sig um mál í samræmi við aldur og þroska en stúlkunni hafi verið skipaður talsmaður áður en niðurstaða umdæmisráðs lá fyrir. Ljóst sé að stúlkan vilji dvelja áfram utan heimilis varnaraðila. Vistunin virðist alls ekki íþyngjandi ráðstöfun fyrir stúlkuna enda hafi hún lýst því fyrir talsmanni sínum að henni líði ekki vel í umsjá varnaraðila og vildi vera áfram í vistun utan heimilis. Í ljósi mjög trúverðugs framburðar hennar hjá talsmanni og í viðtölum hjá starfsfólki varnaraðila auk upplýsinga frá skóla stúlkunnar um aðstæður hennar eftir að vistun utan heimilis lauk í janúar 2025 sé að mati sóknaraðila sérstaklega mikilvægt að viðhalda þeim stöðugleika í lífi hennar sem hafi náðst frá því að vistun hafi byrjað í byrjun september síðastliðins þar sem hún upplifi sig í öruggum aðstæðum.

Þá leggur sóknaraðili áherslu á, að þrátt fyrir ungan aldur stúlkunnar, að tillit sé tekið til skoðana, upplifunar og afstöðu hennar við vinnslu málsins, sbr. 3. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og sérstaklega í ljósi þess að afstaða hennar virðist vera byggð á þeim rökum að henni líði ekki vel í umsjá varnaraðila vegna framkomu hans gagnvart henni og harkalegum uppeldisaðferðum hans. Stúlkan virðist aðlagast vel á því heimili þar sem hún sé vistuð og tengist vistunaraðilum ágætlega. Það yrði stúlkunni án efa afar þungbært að þurfa að snúa aftur á heimili varnaraðila á þessum tímapunkti í ljósi þess sem t.d. komi fram í skýrslum talsmanns hennar.

Með vísan til fyrirbyggjandi gagna og að framangreindu virtu telur sóknaraðili ljóst að brýnir hagsmunir stúlkunnar standi til þess að hún verði áfram vistuð utan heimilis svo hægt sé að tryggja velferð hennar á meðan frekari vinnsla málsins fari fram og reynt verði að fá varnaraðila til samstarfs um að bæta forsjarshæfni sína. Sóknaraðili byggir á að öll skilyrði til vistunar stúlkunnar séu fyrir hendi og vistunin sé í samræmi við meginreglur barnaverndarlaga sem og ákvæði er varði réttindi barna. Sóknaraðili byggir jafnframt á því að tryggja verði stöðugleika í daglegu lífi barnsins í öruggum aðstæðum á meðan látið verði reyna á hvort varnaraðili muni þiggja stuðningsúrræði og, ef til þess komi, hvort stuðningsúrræðin skili þeim árangri sem nauðsynlegur sé að ná til að tryggja stúlkunni viðunandi uppeldisaðstæður í umsjá varnaraðila. Sóknaraðili telur því að brýnt sé að fallist verði á kröfu sóknaraðila um að stúlkan verði vistuð utan heimilis í allt að 12 mánuði skv. 28. gr. bvl.

Um lagarök vísar sóknaraðili til barnaverndarlaga nr. 80/2002, barnalaga nr. 76/2003, almennra óskráðra reglna stjórnsluréttar, stjórnslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eftir því sem við eigi. Jafnframt vísar sóknaraðili til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992 og nr. 19/2013, einkum 3., 9., 12., 18. og 19. gr. samningsins.

IV.

Varnaraðili telur ljóst að kröfum sóknaraðila um framlengingu á vistun C utan heimilis beri að hafna þar sem grundvöllur fyrir áframhaldandi inngripi barnaverndar sé ekki fyrir hendi. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sé heimilit að framlengja vistun ef barnaverndarnefnd telji það nauðsynlegt og önnur úrræði samkvæmt 24. og 25. gr. laganna hafi ekki skilað árangri eða séu ófullnægjandi.

Í þessu tilviki hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á þá brýnu nauðsyn sem krafist sé til framlengingar vistunar. Fullyrðingar um takmarkaðan samstarfsvilja varnaraðila eða vanhæfni hans til að sinna uppeldis- og umönnunarskyldum sé málatilbúnaður sem varnaraðili mótmæli. Þvert á móti hafi varnaraðili lýst sig reiðubúinn til samvinnu við barnavernd og til að gera það sem starfsfólk sóknaraðila telji nauðsynlegt að undanskildu samþykki á vistun utan heimilis og aðgangi barnaverndar að heimili sínu.

Af framangreindu leiði að skilyrði framlengingar vistunar séu ekki fyrir hendi og því beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili telur ljóst að málsmeðferð sóknaraðila hafi ekki verið í samræmi við meðalhófsreglu og rannsóknarreglu stjórnsluréttar. Samkvæmt 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 skuli ávallt beita vægustu ráðstöfunum og aðeins grípa til íþyngjandi ráðstafana ef lögmæltu markmiði verði ekki náð með vægari úrræðum. Þá kveði 10. gr. stjórnslulaga á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Í þessi tilviki liggi fyrir að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að öll vægari úrræði hafi verið fullreynd, né að þau séu ekki raunhæf. Vistun utan heimilis sé alltaf íþyngjandi ráðstöfun fyrir bæði foreldra og börn og krefjist ríkari rökstuðnings. Varnaraðili hafi lýst sig reiðubúinn til að nýta sér stuðningsúrræði og samstarf við barnavernd en honum hafi ekki verið veitt nægjanlegt tækifæri til þess. Úrræði samkvæmt 24. og 26. gr. barnaverndarlaga hafi ekki verið reynd að fullu hvað varnaraðila varði. Jafnframt telur hann að rannsókn málsins hafi verið fullnægjandi [svo, en af samhengi eigi að standa ófullnægjandi]. Þessir annmarkar leiða til þess að lagaskilyrði til framlengingar vistunar séu ekki uppfyllt. Af framangreindu leiði að málsmeðferð sóknaraðila sé brotakennd og gangi gegn grundvallarreglum stjórnsluréttar og barnaverndarlaga og því beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að kröfum sóknaraðila verði ekki hafnað á grundvelli framangreinds krefst varnaraðili að kröfum sóknaraðila um framlengingu vistunar verði hafnað að öðru leyti þar sem hagsmunir C séu best tryggðir með því að hún alist upp hjá föður sínum. Telur varnaraðili að hann beri ekki ábyrgð þeim vanda sem leiddi til upphaflegrar vistunar né að sú vistun sé lengur barninu fyrir bestu.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skuli hagsmunir barnsins ávallt hafðir í fyrirrúmi. Meginreglan sé sú að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá foreldri sínu. Þrátt fyrir að sálfræðileg matsgerð frá 21. ágúst 2024 hafi bent á erfiðleika varnaraðila þá hafi hann lagt áherslu á að hann hafi reynt að vera barninu góður faðir og eina stöðuga foreldrið þar sem móðirin glími við sinn eigin vanda og hafi sýnt takmarkaða umhyggju fyrir börnunum.

Atvik máls bendi til þess að C hafi upplifað vanlíðan í samhengi við fjölskylduadstaður sem hafi verið flóknar. Varnaraðili hafi haldið því fram að hann hafi reynt að sinna barninu eftir bestu getu og að hann sé reiðubúinn til að nýta sér stuðningsúrræði sem myndu gera honum kleift að taka barnið heim til sín. Þá hafi varnaraðili fullyrt að hann hafi verið eini aðilinn sem hafi verið til staðar fyrir börnin þar sem móðir þeirra hafi verið í óreglu og ekki sinnt þeim síðan í janúar 2025. Krefst varnaraðili því þess að honum verði falin umsjá barnanna nú þegar.

Að öllu framangreindu virtu sé ljóst að það að rjúfa tengsl barns við foreldri til lengri tíma sé afar íþyngjandi og í flestum tilfellum sé það barninu fyrir bestu að alast upp hjá foreldrum sínum. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila um framlengingu vistunar.

Hverju sem framan greindu líði beri einnig að hafna kröfum sóknaraðila þar sem hann hafi ekki uppfyllt sönnunarbyrði sína um að framlenging vistunar sé nauðsynleg og að vægari úrræði séu ekki raunhæf.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga verði barnaverndarnefnd að telja það nauðsynlegt að ráðstöfun samkvæmt 27. gr. standi lengur og að önnur úrræði hafi ekki skilað árangri. Dómaframkvæmd sýni að íþyngjandi ákvarðanir krefjist skýrra sönnunargagna um að vægari úrræði séu ekki fær. Í máli þessu hafi sóknaraðili aðallega byggt á fyrri matsgerðum og tilkynningum um vanlíðan barnsins. Þrátt fyrir að barnið hafi gefið til kynna að því líði vel í núverandi vistun þá dragi það ekki úr ábyrgð sóknaraðila til að sýna fram á að ekki sé unnt að taka C heim til föður síns með viðeigandi stuðningsúrræðum. Hafi varnaraðili mótmælt því að rannsókn málsins hafi verið fullnægjandi og að vægari úrræði hafi ekki verið reynd að fullu. Jafnvel þótt dagnótur sóknaraðila sýni að varnaraðili hafi hafnað meðferðaráætlunum og

stuðningsúrræðum þá hafi hann síðar lýst sig reiðubúinn til samvinnu sem ætti að veða þungt við mat á framtíðarlausnum.

Að öllu framangreindu virtu hafi sóknaraðili ekki uppfyllt sönnunarbyrði sína um nauðsyn framlengingar vistunar og því beri að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Varnaraðili gaf skýrslu fyrir dómi. Þá gáfu skýrslu N, talsmaður C, O, P og Q, félagsráðgjafar og starfsmenn sóknaraðila. Einnig gaf skýrslu K, sálfræðingur.

Varnaraðili greindi frá því að hann byggi í íbúð á [...]. Væri hann skráður þannig að hann byggi þar einn en unnusta hans og sonur hennar hefðu þar einnig dvöl. Hann væri [...] og byrjaði alla daga að vinna kl. 7:30 en myndi hliðra því til ef börnin kæmu til hans. Varnaraðili kvaðst ekki búast við að C kæmi til hans aftur þar sem hann vissi að hún vildi vera á [...] og ganga þar í skóla. Hann hafi verið búinn að tala við foreldra sína um að leyfa henni að vera hjá þeim. Ef börnin kæmu til hans yrðu þau saman í herbergi til að byrja með eða hann myndi leita sér að stærra húsnæði. Um að C væri vistuð utan heimilis og farið væri fram á að svo yrði í 12 mánuði kvaðst varnaraðili engar áhyggjur hafa af henni, enda vildi hún vera hjá ömmu sinni þar sem hún gisti oft þótt hún væri í reynd hjá systur varnaraðila. Um hvort hann myndi vilja fá C aftur til sín kvaðst varnaraðili auðvitað vera svo en vissi að hún vildi vera í sveitinni. Hann væri á móti því að hún yrði vistuð. Hann myndi alltaf reyna að finna eitthvað samstarf eins og hann hafi verið byrjaður á með því að tala við foreldra sína um að hún yrði hjá þeim og sækti [...]skóla. Hann hafi verið byrjaður að vinna í þessu áður en yfirvöld hafi komið til og rífið börnin af sér þegar allt hafi verið farið að ganga vel. Hefði hann fengið að hafa börnin hjá sér væri C örugglega í skóla á [...] og e.t.v. hjá sér aðra hvora helgi. Kvaðst varnaraðili treysta sér til að vera með C hjá sér og sinna uppeldi hennar. Spurður um hvernig umgengni við C hefði gengið frá því í september síðastliðinn kvaðst varnaraðili hafa hitt sig í herbergi með tveimur stafsmönnum standandi yfir þeim. Dóttirin hafi hlaupið í fang hans og verið lítil í sér. Þau hafi getað spjallað saman. Spurður um hvort hann hefði ætlað að stöðva umgengnina af því að hún hafi ekki talað við hann kvaðst hann hafa sagt það við hana til að fá hana til að spjalla. Þetta hafi verið um það bil þrjú eða fjögur skipti en hann hafi ekki fengið að hitta þau bæði í einu. Engin umgengni hefði þó verið undanfarið þar sem varnaraðili vildi ekki vinna með sóknaraðila og fá starfsmenn þaðan inn á heimili sitt. Hann hefði sín rök fyrir því að vinna ekki með fólki vegna framkomu þess. Hann hefði aldrei lamið börn sín eða eitthvað gert á þeirra hlut. Hann hefði farið með þau í sund, í bíó, á skauta, út að labba, keypt á þau föt og lifað fyrir þau. Spurður um að hann hefði hitt C óvænt í skóla hennar kvað varnaraðili það hafa komið til þannig að hann hafi séð dóttur sína og hún hafi veifað til sín en hann hefði verið að vinna þar nálægt. Hann hafi labbað að henni en skólastjórinn komið og rekið sig í burtu án þess að hann vissi hvað hann gæti hafa gert rangt. Nánar spurður um af hverju hann vildi ekki vinna með barnaverndaryfirvöldum í B kvað varnaraðili það vera vegna þess að hann vildi ekki bjóða unnustu sinni upp á að komið væri á heimilið til að fylgjast með sér. Hann hefði engan áhuga á að vinna með þeim. Spurður um hvernig varnaraðila þætti hafa gengið með uppeldi barnanna í hans umsjá kvað hann ekkert hafa verið að því þótt alltaf væri unnt að finna eitthvað. Hann teldi sig ekkert óhæfari en aðrir og hefði reynt að sinna börnum sínum mikið og gera mikið fyrir þau t.d. með hreyfingu og íþróttaiðkun, og annað sem varnaraðili nefndi fyrr. Varðandi stúlkuna og hvort hún hafi talið sig bera ábyrgð á bróður sínum nefndi varnaraðili að þegar drengurinn hefði fæðst hefði hann ekki átt mömmu til staðar. Það gæti skýrt að dóttirin hafi talið sig þurfa að hjálpa varnaraðila án þess að hann bæði hana um. Um hvort hann hefði þurft frekari aðstoð en frá foreldrum sínum þegar hann hafi verið með börnin kvað varnaraðili ekki svo hafa verið. Hann hefði fengið góða hjálp foreldra sinna. Varnaraðili var spurður út í fyrri vistun barnanna á vegum barnaverndar G og heimkomu þeirra með stuðningi og hvað honum hefði fundist um þann stuðning og liðveislu. Kvað varnaraðili þennan stuðning engan hafa verið í reynd og honum ekki hjálpað – aðeins

hefði verið fylgst með sér. Hann hefði reynt að gera sitt besta og meðtaka eitthvað sem hjálpað gæti en annars hafi hann ekki séð tilganginn. Hann hefði staðið við sitt í þessar þrjár vikur sem liðveislan hefði varað og unnið með starfsmanni þar. Sá starfsmaður hafi mætt til sín vandræðalaust og verið í sambandi við sig. Þessi starfsmaður hafi sagt sér að ekki væri þörf á aðstoð lengur.

Varnaraðili var spurður út í meðferðaráætlun sem gilda átti frá september 2025 fram í janúar 2026 og kvaðst varnaraðili ekki vilja vinna með starfsfólkinu í barnavernd B vegna framkomu þess. Börnin hefðu verið rifin af sér án útskýringar og vegna rangra ásakana um ofbeldi. Varnaraðili hefði útskýrt hvernig áverkar skýrðust af öðru eins og þrifum. Varnaraðili vissi ekki hvernig komið hefði til eitthvað á höfði drengsins en honum hefði þótt gamnislægur skemmtilegur. Enginn ásetningur hefði verið þótt eitthvað hefði verið ýtt í þeim leik. Varnaraðili hefði aldrei beitt C ofbeldi. Um öskur eða blót kvaðst varnaraðili örugglega einhvern tíma hafa öskrað á hana ef hún hefði t.d. logið að sér eða gert rangt. Það gæti verið eitt skipti. Hann ætlaði ekki að vinna með barnaverndinni og einn starfsmaður hefði átt að segja sig frá málinu vegna tengsla. Spurður um af hverju hann vildi ekki umgengni undir eftirliti var svarið að varnaraðili ætlaði ekki að vinna með þessari stofnun og vildi ekki hitta börnin undir eftirliti – ekki væri hægt að neyða hann til þess. Um hvort hann hefði tæmt herbergi barnanna kvað varnaraðili hafa tekið dót þeirra og ætlað koma því til þeirra enda hafi hann ekki vitað hvað þau yrðu lengi í burtu – barnaverndin hefði beðið um fötin þeirra sem hann hafi farið með.

N talsmaður gaf skýrslu fyrir dómi en vitnið er þroskaþjálfari og félagsráðgjafi. Bornar voru undir vitnið skýrslur tvær frá 1. september og 30. nóvember 2025 og staðfesti vitnið að efni þeirra væri rétt. Kvað vitnið afstöðu C vera að henni liði vel þar sem hún væri og sátt við að vera þar áfram. Hún hefði óskir um að flytja til móður sinnar en liði vel á [...] hjá ömmu sinni og afa auk föðursystur sem þar væri núna. Hún væri í svolítilli hollustuklemmu. Afstaðan hefði verið svipuð fyrir aðalmeðferðina þar sem hún segðist helst vilja búa hjá föður sínum og móður en langaði að fara til mömmu sinnar. Hún hefði þó ekki sérstaka von um að það myndi ganga og hefði tekið það fram. Um lýsingar stúlkunnar í fyrri skýrslu hvað vitnið henni ekki hafa alltaf liðið vel hjá varnaraðila, hefði e.t.v. nú áhyggjur af því að hann sé reiður út í sig. En hún gerði sér grein fyrir sjúkdómi hans og að það skýrði hegðun hans. Aðspurð hvað N stúlkuna ekki vera í umönnunarhlutverki en væri upptekin af því að öllum liði vel. Um lýsingu stúlkunnar á ofbeldi varnaraðila gagnvart bróður kvað vitnið hana hafa sagt hann hafa ýtt við drengnum einhvern tíma. Hún hafi verið trúverðug og væri skýr. Hún hefði áhyggjur núna af foreldrum sínum.

O félagsráðgjafi og teymisstjóri hjá sóknaraðila staðfesti greinargerðir sóknaraðila fyrir umdæmisráði og samning sem gerður hefði verið um umgengni í október 2025. Reifaði vitnið í aðalatriðum feril málsins hjá sóknaraðila sem hafi byrjað með tilkynningum og könnun vegna ofbeldis gagnvart bróður C og gagnaöflun frá barnaverndarþjónustu G Vitnið greindi frá neyðarráðstöfun vegna skorts á samstarfi við varnaraðila, áætlanagerð um meðferð máls og stuðningsúrræði sem hann hafi alfarið hafnað. Varnaraðili hafi undirritað umgengnissamning og átt umgengni við barnið undir eftirliti þar sem vitnið og annar starfsmaður hafi verið viðstaddur. Hann hafi síðan hafnað allri umgengi undir eftirliti og hafnað að hlíta nýlegum úrskurði Umdæmisráðs þar um. Engin samvinna hafi náðst við varnaraðila og ekki náð við hann sambandi síðan 3. nóvember síðstliðinn. Hann hafi ekki viljað þiggja boð um viðtal þar sem leggja mætti mat á stöðu málsins eða næstu skref um stuðning. Skýrt hafi verið að hann vildi ekki þiggja stuðningsúrræði inni á heimili sínu. Hann hafi þó fallist á að vera skráður á uppeldisnámskeið sem fyrirhugað væri á næstunni. Samskiptin hafi alfarið þurft að fara fram í gegnum lögmann. Aðspurð kvað O þá umgengni sem fram hefði farið verið mjög átakanleg fyrir C. Varnaraðili hafi haft mjög takmarkaða innsýn í stöðu hennar og látið ábyrgðina á stöðunni mikið á hana með spurningum sem ekki hefðu verið viðeigandi. Hafi hann lagt til að slíta fundi þeirra þar sem stúlkan hafi ekki haft mikið að segja. Starfsmenn hafi reynt að stíga inn í og kveikja samtal feðginanna. O var spurð um hvort önnur úrræði en stuðningur eða tilsjón inni á heimili gætu komið í staðinn til að bæta aðstæður barna varnaraðila og forsjárhæfni hans. Svareið O því að svo væri engan veginn. Varnaraðili þyrfti að hennar mati stuðning í aðstæðum þegar

börnin væru í hans umsjá þar sem væri hægt að leiðbeina honum og rétta af ef til kæmi. Sá stuðningur þyrfti að vera til lengri tíma. Aðspurð kvaðst vitnið telja lýsingar C á ofbeldi gagnvart sér og bróður sínum trúverðugar. Vitnið hefði ekki verið viðstödd samtöl við hana en þetta væri mat starfsmanna sóknaraðila. Spurð um frekari vinnslu málsins ef fallist yrði á áframhaldandi vistun nefndi vitnið að stúlkan hefði verið vistun hjá föðursystur sinni. Markmiðið væri alltaf að geta vistað systkini saman og C þyrfti mikinn stuðning og utanumhald. Horft væri til þess að sækja um fósturheimili fyrir systkinin saman til næsta árs. Þörf á stuðningi fyrir stúlkuna kæmi til vegna greininga um ADHD og mótþróaþrjóscuröskun og að hún hefði sýnt kvíða og vanlíðan. Það hefði reynst henni erfitt að fara úr [...]skóla í [...]skóla síðasta haust þannig talið hefði verið best að hún færi í [...]skóla. Hún þyrfti mikinn stöðugleika og fyrirsjáanleika. Markmiðið gagnvart varnaraðila væri að fá hann til samstarfs og samvinnu. Mikilvægt væri að hann fengi mikinn stuðning inn á heimilið og þá mætti færa umgengni þar inn og koma á farsælli aðlögun. Áframhaldandi vistun til 12 mánaða væri í ljósi þeirrar stöðu sem upp væri komin að 5 mánuðum liðnum, án þess að hann hafi þegið stuðningsúræði, væri nauðsynleg út frá stöðugleika barna, forsögu málsins og greininga hjá varnaraðila. Mætti líkja þessu við langhlaup og að árangur þyrfti að sjást þannig að börnin væru örugg. Það væri brýn nauðsyn að vistun varði áfram. Spurð um hvort varnaraðili hefði gefið kost á samvinnu vegna C þannig að hún yrði hjá ömmu sinni og afa kvað O að óskað hefði verið eftir strax í upphafi að varnaraðili samþykkti að stúlkan yrði þar vistuð. Hann hefði rætt um í viðtali í september að hafa íhugað þann kost áður en málið hafi komið til sóknaraðila. Spurð sérstaklega um hvaða stuðningsúræði kæmu til álita fyrir varnaraðila og stúlkuna kvað vitnið það vera fyrst og fremst ráðgjöf inn á heimilið varðandi varnaraðila með að markmiði að barnið væri öruggt og til að efla foreldrafærni hans. Varðandi stuðningsúræði fyrir stúlkuna þá væri hún í forgangi fyrir viðtal í Barnahúsi. Varðandi umgengnina án eftirlits og hvað vitnið óttaðist í því efni kvað O að áhyggjur væru mestar af því að varnaraðili gæti valdið stúlkunni miklum tilfinningalegum skaða og sá skaði gæti verið jafn alvarlegur og líkamlegur.

P félagsráðgjafi hjá sóknaraðila rakti aðkomu sína að málinu en hún hefði rætt við C þann 3. september í [...]skóla þar sem hún hefði greint frá atvikum, en varnaraðili hefði notað ljót orð og hrint stúlkunni. Eftir viðtalið í skólanum hafi stúlkan komið sérstaklega að máli við starfsmennina og nefnt að varnaraðili ætti til að segja ósatt t.d. um að móðirin væri látin. Aðspurð kvað P hafa talið lýsingar stúlkunnar trúverðugar. Stúlkan hefði einnig greint frá atvikum gagnvart bróður sínum þar sem hún hafi reynt að stoppa föður sinn þegar hann yrði reiður. Ákvörðun hefði verið tekin um að boða varnaraðila á fund og honum boðin samvinna um að börnin yrðu vistuð í tvær vikur utan heimilis sem hann hafi hafnað. Þá hafi verið gripið til neyðarráðstöfunar. Málið hafi komið til vinnslu þar sem vitnið og annar starfsmaður, Q, hafi fengið úthlutað. Þær ásamt teymisstjóra hafi hitt varnaraðila ásamt lögmanni hans og borið undir áætlun um meðferð máls sem varnaraðili hafi hafnað. Umgengnissamningur hafi komist á og fram hafi farið umgengni sem verið hafi ein sú átakanlegasta sem vitnið hafi setið. Ekki hafi náðst samvinna við varnaraðila síðan í nóvember. Reynt hafi verið að hringja í hann en samskiptin hafi verið við lögmann. Þegar stúlkan hafi komið aftur til varnaraðila eftir fyrri vistun hafi hún átt mjög erfitt og hafi greint frá ótta sínum í skólanum á [...]. Hún hafi greint frá vanlíðan hjá varnaraðila síðasta sumar og mikið hringt í ömmu sína til að sækja sig úr þessum aðstæðum. Um líðan stúlkunnar eftir vistun kvað P að skólinn á [...] hefði merkt framfarir þegar hún hefði verið í vistun hjá föðurbróður og afturför þegar hún hafi farið aftur til varnaraðila með magaverkjum, hausverkjum og uppköstum. Eftir að hún hefði verið vistuð aftur nú í haust hafi tekið tíma að ná stöðugleika hjá stúlkunni sem hún þarfnadist. Hún væri klár og hefði þurft að bera mikla ábyrgð. Löng vinna væri fyrir höndum en tekið hefði verið eftir vanlíðan í skóla hennar og hjá vistforeldrum þegar hún hefði hitt varnaraðila. Hún vilji vissulega umgengi við föður sinn og hitta hann en það hafi ekki náðst aftur. Mikið sé búið að ávinnast, t.d. sé hreinlæti betra, heimalestri sinnt og henni líði betur, en hún glími við vanlíðan vegna áfalla. Vitnið kvað engar tillögur hafa komið frá varnaraðila, en ástæður þess væru sennilega þær að hann vildi ekki samvinnu við barnavernd og að umgengni væri án eftirlits. Kvað vitnið ekki telja stætt á því að svo stöddu. Vitnið tók fram að varnaraðili hefði tekið allt dót stúlkunnar og komið með á heimili foreldra sinna, en hann hefði aðeins verið beðinn um að koma með fatnað og þess háttar.

Spurð um hvort varnaraðili hefði sýnt samstarfsvilja og gert tillögur um að stúlkan yrði hjá ömmu sinni og afa kvað vitnið hann hafa nefnt það einhverju sinni fyrir nokkru síðan en ekki hefði náðst samband við hann eins og vitnið hafi greint frá.

Q ráðgjafi hjá sóknaraðila rakti stuttlega mál varnaraðila vegna C en hún hefði tekið við því 19. september 2025 og þá hefði varnaðili verið boðaður til viðtals 25. þess mánaðar þar sem lögð hefði verið fyrir áætlun um meðferð máls og umgengnissamningur. Helstu stuðningsúrræði hafi verið viðtöl við ráðgjafa barnaverndar, umgengni undir eftirliti, sértæk ráðgjöf á heimili, samtalsmeðferð fyrir varnaraðila og viðtal við barn í Barnahúsi, óboðið eftirlit með heimili ef barn dveldi þar á vistunartíma. Varnaraðili hafi hafnað þessari áætlun og verið skýr um að hann myndi ekki samþykkja að farið væri inn á heimili sitt. Í samtali við hann hafi verið rætt um hvort hann væri reiðubúinn að þiggja einhvern stuðning eins og uppeldisráðgjöf en hann sagst ekki nenna því. Hann hafi samþykkt umgengnissamning og umgengni hafi farið fram við stúlkuna 16. október. Vitnið hafi ekki setið þá umgengni. Reynt hafi verið að ná í varnaraðila og síðast hafi náðst símtal við hann 3. nóvember þar sem honum hafi verið boðin þátttaka á uppeldisnámskeiði á vegum Skólalábjónustu B sem hann sé skráður á í næsta mánuði. Reynt hafi verið að ná í varnaraðila til að endurnýja umgengnissamning án árangurs. Fyrir liggi nú úrskurður um umgengni frá Umdæmsiráði sem varnaraðili hafi upplýst um að hann myndi ekki hlíta þar sem umgengni væri ráðgerð undir eftirliti. Spurð um hvort reynt hafi verið að ná í varnaraðila til að ræða annars konar stuðningsúrræði en umgengni kvað Q svo vera en að hann vildi ekki koma til þeirra í viðtal. Reynt hafi verið að hringja í hann eða senda tölvupósta en samskiptin hafi síðan verið í gegnum lögmann hans og varnaraðili hafnað fundi. Um hvernig C hafi gengið eftir að hafa verið vistuð utan heimilis nefndi vitnið að henni gengi aðeins betur í skóla. Í ljósi gagna frá barnavernd G og upplýsingum frá [...]skóla virðist sem hún hafi kviðið að flytja aftur til varnaraðila, verið með magaverki og uppköst í nokkra daga og að umhirða hafi dalað eftir að hún hafi farið aftur til varnaraðila, ekki verið eins glöð og mótþrói aukist til muna. Frá stuttri dvöl í [...]skóla hafi fengist upplýsingar í september þar sem hegðun hafi verið sögð almennt góð og nám í meðallagi en heimalestri ekki sinnt. Aftur hefðu komið upplýsingar frá [...]skóla í desember þar sem fram hafi komið að líðan hennar og hegðun væri sveiflukennnd en umsjónarkennari merkti framfarir frá því að hún hafi komið aftur. Hún sé stressuð eftir fundi með foreldrum sínum og á varðbergi. Mæting sé góð og aðbúnaður. Miklar breytingar hafi orðið varðandi námsgögn, hreinlæti og fatnað. Segi þar frá að stúlkunni hafi liðið illa eftir að varnaðili hafi komið og hitt hana við skóla. Spurð um hvort varnaraðili hafi sýnt samvinnu á þann veg að vera sáttur við að stúlkan væri á ömmu sinni og afa kvaðst vitnið ekki kannast við.

K staðfesti matsgerð sem hún hefði unnið 21. ágúst 2024 fyrir Barnaverndarþjónustu G um forsjárhæfni varnaraðila og barnsmóður hans. Helstu niðurstöður varðandi forsjárhæfni varnaraðila væru þær að hann væri með alvarlega og langvarandi veikleika vegna hæfni sem foreldri. Hann væri með alvarlega skerta foreldrafærni. Vitnið hafi lagt fyrir óyrt greindarpróf, persónuleikapróf, CAPI-próf og tengslapróf. Greindarprófið hefði sýnt mjög skerta dómgreind og jaðraði við greindarskerðingu sem væri sjaldgæft. Persónuleikapróf hefði ekki komið vel út og sýnt merki um hálfgerða siðblindu og reiðivanda ásamt depurð. CAPI-prófið hefði verið í samræmi við persónuleikaprófið og niðurstaðan að persónugerð líkist persónugerð fólks sem beitt hefði börn sín ofbeldi. Vitnið skýrði áhrif framheilaskaða á forsjárhæfni en þessi skaði færi illa saman við að ala upp barn. Viðkomandi þyrfti sjálfur aðstoð frá samfélagi og ástvinum en þar kæmi til skert innsæi í eigin vanda enda slík fötlun ósýnileg. Þarna gæti verið einbeitingarleysi, dómgreindarskortur, hvatvísi og hömluleysi. Fólk gæti sýnt mikinn skapofsa og jafnvel ofbeldi. Um hvort þetta væru einkenni sem vitnið teldi eiga við um varnaraðila kvað það svo vera. Vitnið var spurt út í umfjöllun í matsgerð um að líklegt væri að varnaraðili beitti börn ofbeldi. Kvað vitnið hann vera mjög hvatvísan og nefndi að hann hefði hent dóttur sinni út, hann hefði öskrað og verið erfiður við börnin og meðal annars rassskellt drenginn. Vandí varnaraðila með framheilaskaða væri að honum væri ekki treystandi undir miklu álagi. Hann hefði t.d. ekki þolað meir þegar að hlé hafi orðið á aðstoð foreldra hans. Spurð um hvort vitnið teldi varnaraðila færan um að hafa börnin í sinni umsjá þannig að réttindi þeirra og öryggi væri virt kvað það alls ekki svo vera. Spurð um hvort það myndi skaða C ef hún færi aftur til hans

kvað vitnið svo vera tvímælalaust – svo mikið hömluleysi væri í varnaraðila. Um hvort varnaraðili ætti möguleika á að bæta sína forsjárhæfni kvað vitnið svo ekki vera og stuðningur gæti ekki orðið til þess. Vitnið kvað niðurstöður í matsgerðinni algerlega eiga jafn vel við í dag og niðurstaðan ætti jafnvel við um varnaraðila einan og sér. Vitnið kvaðst ekki hafa komið að málinu eða afskipti haft af varnaraðila eftir að matsgerð hafi verið skilað.

VI.

Í málinu gerir sóknaraðili kröfu um að ráðstöfun sú sem staðfest var með dómi héraðsdóms 7. nóvember 2025 og um vistun C utan heimilis verði framlengd um 12 mánuði eða til og með 17. janúar 2027 með vísan til 1. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, en úrskurður dómsins var staðfestur með úrskurði Landsréttar þann þann 5. desember 2025 í málinu nr. 774/2025.

Í 1. mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. laganna og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því geti barnaverndarþjónusta farið fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns náð hefur 15 ára aldri að kveðið verði á um töku barns af heimili í allt að fjóra mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða samkvæmt XIII. og XIV. kafla laganna til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlyningu. Þau skilyrði sem vísað er til í 26. gr. laganna eru að úrræði samkvæmt 24. og 25. gr. laganna hafi ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu eða barnaverndarþjónusta hefur eftir atvikum komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Eru úrræði samkvæmt 24. og 25. gr. laganna vægari og sem öll eiga það sammerkt að vera með samþykki foreldra. Þá er kveðið á um í 28. gr. laganna að ef barnaverndarþjónusta telur nauðsynlegt að ráðstöfun samkvæmt a- og b-lið 27. gr. standi lengur en þar sé kveðið á um skuli hún að fengnum úrskurði umdæmisráðs barnaverndar gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Er heimilt með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn frá og með þeim degi sem úrskurður er kveðinn upp.

Í nefndum úrskurði dómsins frá 7. nóvember síðastliðnum er rakin vinnsla sóknaraðila á máli því sem leiddi til vistunar C eftir að tilkynning barst barnaverndinni 29. ágúst 2025 frá R, leikskóla bróður hennar. Varðaði tilkynningin líkamlegt ofbeldi af hendi sóknaraðila í garð drengsins. Barst önnur tilkynning um grun um líkamlegt ofbeldi sóknaraðila í garð drengsins 1. september sama ár. Fram kom að í tilkynningu leikskólans frá 29. ágúst 2025 hafi verið lýst hvar drengurinn hafi sagt sóknaraðila vera vondan við sig og að drengurinn hafi lýst því með því að benda á rass og höfuð. Þá hafi verið veitt athygli er varnaraðili hafi komið að sækja drenginn að æskilegur öryggisbúnaður hafi ekki verið í bifreið sóknaraðila fyrir barnið miðað við aldur þess. Hafi einnig verið greint frá vanlíðan barnsins, tilfinningalegu ójafnvægi og stami sem starfsmenn leikskólans tengdu við vanlíðan þess. Í seinni tilkynningunni frá 1. september 2025 hafi aftur verið greint frá að drengurinn hefði lýst hvar varnaraðili hefði meitt hann eftir að kennari hefði séð marblett neðarlega á baki. Hafi drengurinn einnig lýst hvar sóknaraðili hefði meitt hann með því að halda höfði drengsins fast og ýtt ofan í dýnuna. Hefðu starfsmenn sóknaraðila staðfest þessar tilkynningar og að þeir hefðu sannreynt þær í viðtölum við drenginn og systur hans, C. Þá hefði leikskólastjóri R staðfest tilkynningarnar. Starfsmenn sóknaraðila hefðu átt viðtöl við börnin sitt í hvoru lagi án vitundar foreldra þeirra og talið eftir samtöl við drenginn að hann staðfesti tilefni tilkynninganna og að stúlkan hefði staðfest líkamlegt ofbeldi gagnvart honum. Hefði hún einnig staðfest harkalegt atferli varnaraðila í sinn garð. Starfsmenn sóknaraðila og leikskólastjórinn hafa staðfest gögn og frásagnir sem að þessu líta nú fyrir dómi.

Í úrskurði dómsins, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar, var komist að þeirri niðurstöðu að rétt hefði verið á grundvelli 21. gr. barnaverndarlaga að hefja könnun málsins eftir að fyrrgreindar tilkynningar hefðu borist. Þá var einnig fallist á að í ljósi afstöðu varnaraðila og skorts á samvinnu hafi verið rétt að

beita úrræðum 31. gr. laganna um vistun barna varnaraðila til bráðabirgða svo sem gert var 3. september 2025. Er í niðurstöðu úrskurðarins rakin vinnsla málsins vegna barna varnaraðila og forsögu þess hjá barnavernd G en mat K, sálfræðings, á forsjárhæfni varnaraðila og móður barnanna frá 21. ágúst 2024 var meðal þeirra gagna sem sóknaraðili lagði til grundvallar kröfu um vistun þeirra. Fram kom í úrskurði dómsins að mat hennar eftir ítarlega könnun að vandi foreldra barnanna væri það alvarlegur, flókinn og langvarandi að hvorugu þeirra væri treystandi til að tryggja öryggi og vellíðan barnanna tveggja. Færi þau á ný í umsjá foreldranna væri hætt við að börnin hlytu varanlegan skaða af. Staðfesti K mat sitt fyrir dómi eins og fyrr segir en í framburði hennar kom fram að próf þau sem lögð hefðu verið fyrir sóknaraðila og ráðið hefðu miklu um niðurstöðuna gætu haft þýðingu áfram þótt matið væri bundið við hið fyrra mál. Hefur K staðfest mat sitt að nýju máli þessu.

Í úrskurði dómsins var lagt til grundvallar að nægjanlega væri fram komið að börnin tvö hefðu lýst ofbeldi af hálfu föður, andlegu og líkamlegu, þannig að ástæða hefði verið til að grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt barnaverndarlögum þannig að öryggi þeirra og velferð yrði tryggð. Þótt frásagnir þeirra yrðu ekki sannreynar til hlítar miðað við sönnunarkröfur samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála yrði að skýra allan vafa um gildi þeirra börnunum og velferð þeirra í hag, sbr. 1. gr., 2. gr. og 4. gr. barnaverndarlaga og meginreglur þeirra laga að öðru leyti.

Úrskurður dómsins sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar fól í sér endanlega efnislega úrlausn um það sakarefni sem þar var lagt fyrir. Hefur úrskurðurinn því sönnunargildi um þau málsatvik sem þar greinir nema hið gagnstæða sannist, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þrátt fyrir mótmæli varnaraðila um að hann hafi sýnt þá hegðun gagnvart börnunum sem áður er vikið að hefur ekki verið hnekkkt því mati dómsins að vafi þar að lútandi yrði skýrður börnum hans í hag og með réttu leitt til þess að sóknaraðili greip til úrræða um að vista börnin utan heimilis.

Gildir það sama um fyrra mat dómsins um að varnaraðila hafi skort færi til að veita börnum sínum viðunandi og heilbrigð uppeldisskilyrði þrátt fyrir ítrekuð afskipti barnaverndaryfirvalda og að ráðið hafi ógnandi hegðun og uppeldisaðferðir sem ætla mætti að byggja á harðræði í orði og verki.

Í úrskurði dómsins var einnig talið nægjanlega upplýst að varnaraðili hefði hafnað nauðsynlegri samvinnu við sóknaraðila í upphafi könnunar. Þá hefði hann hafnað faglegum stuðningi inn á heimili sitt sagst geta talað við einhvern utan þess. Þá hafi varnaraðili hafnað meðferðaráætlunum sem lagðar hafi verið fyrir eftir að börn hans hafi verið vistuð utan heimilis. Eins og fram kemur í gögnum málsins og framburði starfsmanna sóknaraðila hefur engin samvinna náðst við varnaraðila og raunar ekki náðst samband við hann frá 3. nóvember 2025, en lögmaður hefur upplýst starfsmenn sóknaraðila um afstöðu varnaraðila. Hafði varnaraðili þó samþykkt að sækja uppeldisnámskeið sem haldið verði í mars á þessu ári. Afstaða hans um að hafna þeirri meðferðaráætlun sem lögð var fyrir og gilda átti fram í janúar 2026 hafnaði varnaraðili með áritun sinni þess efnis. Samkvæmt framburði varnaraðila fyrir dómi og gögnum málsins hefur hann neitað að sæta því að umgengni við C fari fram undir eftirliti eða að starfsmenn sóknaraðila komi inn á heimili varnaraðila.

Varnaraðili hefur byggt á því að meðalhófsreglu hafi ekki verið gætt. Áður hefur það orðið niðurstaða dómsins að vinna með sóknaraðila á grundvelli 24. og 25. gr. barnaverndarlaga og boð um viðeigandi stuðningsúrræði hefðu ólíklega eða ekki skilað árangri þannig að hagsmunir barnanna og velferð þeirra yrði tryggð. Varnaraðila skorti innsæi í vanda sinn sem uppalanda og hafi hafnað viðeigandi stuðningsúrræðum. Eins og málið horfir við nú hefur sóknaraðili ekki náð samvinnu við varnaraðila og hefur hann hafnað henni, einkum á þeim grundvelli að honum hugnist ekki að umgengni fari fram undir eftirliti og kæri sig ekki um að starfsmenn sóknaraðila eða ráðgjafar á vegum sóknaraðila sækji sig heim. Samkvæmt framansögðu var umgengni undir eftirliti, tilsjón með heimili og þau úrræði sem varnaraðila stóð til boða en hafnaði í samræmi við ákvæði laganna. Liggur einnig fyrir tölvubréf lögmanns varnaraðila

þar sem komið er á framfæri afstöðu varnaraðila um að hann muni ekki hlíta úrskurði umdæmisráðs D um umgengni undir eftirliti.

Í 24. gr. barnaverndarlaga er mælt fyrir um úrræði sem barnaverndarþjónusta skuli ákveða í áætlun samkvæmt 23. gr. laganna tiltekna aðstoð með samþykki foreldra og í samráði við barn. Þá er mælt fyrir um úrræði utan heimilis með samþykki foreldra í 25. gr. laganna. Í 24. gr. er gert ráð fyrir að aðstoð felist meðal annars í að leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns og að útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu og aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. Er einnig mælt fyrir um að barnaverndarþjónusta geti með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. Ef úrræði samkvæmt 24. gr. beinist að heimili þar sem barn búi nægir samþykki þess foreldris eða foreldra sem barn býr hjá eftir ákvæðum barnalaga. Beinist úrræði að heimili foreldra eða annarra þar sem barn nýtur umgengi þurfi samþykki lögheimilisforeldris og þess sem njóti umgenginnar. Fjallað er um úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns í 25. gr. Hafi úrræði samkvæmt 24. eða 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarþjónustu eða hún hefur eftir atvikum komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi er unnt á grundvelli 26. gr. að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra að kveðið verði á um eftirlit með heimili, gefin verði fyrirmæli um tiltekinn aðbúnað og umönnun barns, láta tilteknum aðilum sem vinni með barni eftir ákvæðum laganna í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls og fleira. Um umgengni barns við foreldra sína meðan það er í fóstri er mælt fyrir um í 74. gr. barnalaga. Á barn rétt til umgengni við foreldra sína við þær aðstæður nema hún sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem að er stefnt með ráðstöfun þess í fóstur. Felst þannig í ákvæðinu að réttur til umgengni er ekki fortakslaus við þessar aðstæður og getur sætt takmörkunum. Var það í samræmi við greind ákvæði að gættum ákvæðum 2. gr. og 1. og 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga að leggja til umgengni þannig að eftirlit yrði með henni.

Starfsmenn sóknaraðila sem um mál varnaraðila og barna hans fjölluðu búa yfir sérfræðipækkingu og reynslu. Hefur ekki verið hnekkð því mati sóknaraðila eins og meðal annars kemur fram í framburði O, félagsráðgjafa og teymisstjóra, að umgengni undir eftirliti og tilsjón með heimili varnaraðila í aðstæðum með börnunum hafi verið nauðsynleg og að önnur úrræði ein og sér hefðu ekki komið að gagni. Verður af framburðum fyrir dómi og gögnum máls ráðið að varnaraðili þarf leiðbeiningar um umgengni svo unnt sé að vinna áfram könnun á því hvort honum sé kleift að sinna uppeldishlutverki sínu. Verður því lagt til grundvallar að stuðningsúrræði þau sem varnaraðili hefur hafnað hafi verið nauðsynleg og réttmæt og að ekki sé barninu fyrir bestu að það fari í bráð í umsjá varnaraðila. Við svo búið verður ekki talið að vægari úrræði en vistun utan heimilis geti komið að gagni. Af þessum ástæðum og með hliðsjón af því sem liggur fyrir um vangetu varnaraðila til að sinna uppeldi barna sinna verður ekki fallist á að brotin hafi verið meðalhófsregla 12. gr. stjórnsýslulaga eða ákvæði 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Eins og málið lá fyrir varnaraðila og umdæmisráði er ljóst að önnur úrræði en áframhaldandi vistun barnanna eru ekki raunhæf þannig að árangurs megi vænta.

Sem fyrr segir hefur engin samvinna sem að gagni kemur náðst við varnaraðila frá 3. nóvember 2025 utan þess að hann mun hafa fallist á að sækja uppeldisnámskeið. Þegar metið er hvort málið hafi verið nægjanlega upplýst í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 41. gr. barnaverndarlaga verður að horfa til málatvika í heild allt frá því að sóknaraðili tók mál barnanna til meðferðar í september 2025 og einnig með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem sóknaraðila bárust frá barnaverndarþjónustu G. Hefur því verið slegið föstu með úrskurði dómsins að rannsókn málsins hafi verið fullnægjandi til að taka hafi mátt ákvörðun um vistun barna varnaraðila í fjóra mánuði eða til 17. janúar 2026. Meðferð málsins af hálfu sóknaraðila meðan á vistun barna varnaraðila hefur staðið hefur einkum falist í því að kalla eftir samvinnu við hann, koma á umgengni undir eftirliti og leggja fyrir meðferðaráætlanir. Sem fyrr segir hefur varnaraðili hafnað þeirri samvinnu sem nauðsynleg er talin. Við svo búið og í ljósi þess sem

fyrir liggur um vangetu varnaraðila til að tryggja börnunum uppeldisaðstæður, þannig að öryggi þeirra og velferð sé tryggð, verður að leggja til grundvallar að málið hafi verið nægjanlega upplýst þannig að nauðsynlegt væri að gera kröfu um áframhaldandi vistun barnanna utan heimilis.

Í málinu liggja fyrir skýrslur talsmanns C sem staðfestar voru fyrir dómi en auk þess átti dómari samtál við stúlkuna. Virðist stúlkunni líða vel þar sem hún er nú er vill búa hjá foreldrum báðum á [...]. Stúlkun virðist þó gera sér grein fyrir að sú ósk sé ekki raunhæf nú. Í málinu telst því nægjanlega upplýst að C líður vel þar sem hún er vistuð utan heimilis og hefur hún tekið framförum eins og meðal annars hefur komið fram hjá talsmanni hennar og upplýsingum frá [...]skóla í bréfi, dags. 1. desember 2025. Á það við um bæði börn varnaraðila að forsaga málsins bendi til þess að aftur falli geti fallið í sama farið verði varnaraðila falin umsjá barnanna að nýju. Fara saman hagsmunir stúlkunnar og líðan hennar í áframhaldandi vistun utan heimilis, sbr. 2. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga.

Það er því niðurstaða dómsins að áframhaldandi vistun C utan heimilis sé nauðsynleg vegna brýnna hagsmuna hennar og í samræmi við 28. gr., sbr. 27. gr. barnaverndarlaga.

Sóknaraðili hefur gert kröfu til vara um að vistun barnanna utan heimilis verði markaður skemmri tími en krafist er. Samkvæmt forsjárhæfnismati því sem fyrir er greint frá er vandi varnaraðila sem uppalanda mjög alvarlegur og langvarandi og hann ekki að svo komnu fær um að tryggja börnunum uppeldisaðstæður, þannig að öryggi þeirra og velferð sé tryggð. Andstaða hans við að nýta lögmæt úrræði sóknaraðila virðist einnig standa því í vegi að kanna megi á raunhæfan hátt hvort unnt sé að veita honum viðeigandi aðstoð með hagsmuni hans og barnanna að leiðarljósi. Standa engin rök til þess að hrófla við högum C nú. Verður því ekki talið að kröfugerð sóknaraðila um áframhaldandi vistun C utan heimilis fram á næsta ár sé úr hófi en undir sóknaraðila á að meta aðstæður og hvort sá tími geti orðið styttri ef viðunandi árangur næst.

Samkvæmt öllu framansögðu er fallist á kröfu sóknaraðila eins og í úrskurðarorði greinir.

Sóknaraðili hefur ekki krafist málskostnaðar. Varnaraðili nýtur gjafsóknar og greiðist gjafsóknarkostnaður eins og í úrskurðarorði greinir, þar á meðal þóknun lögmans hans, Björgvins Halldórs Björnssonar, sem hæfilega er ákveðin í samræmi við tímaskráningu hans 1.024.860 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Útlagður kostnaður verður ekki tiltekinn sérstaklega í úrskurðarorði. Varnaraðili hefur einnig krafist málskostnaðar í samræmi við gjafsóknarleyfi en rétt er að hann falli niður.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ráðstöfun sú sem ákveðin var með úrskurði umdæmisráðs D þann 18. september 2025 um vistun C, kt. [...], utan heimilis er framlengd um 12 mánuði eða til og með 17. janúar 2027. Hafnað er varakröfu varnaraðila um að vistun C verði markaður skemmri tími.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar sem talin málflutningsþóknun lögmans varnaraðila, Björgvins Halldórs Björnssonar að fjárhæð 1.024.860 krónur.

